



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borgarnesi 24.02.2022

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar, 33 mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 10. febrúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar, sem lögð var fram á Alþingi af þeim Bjarna Jónssyni og Steinunni Þóru Árnadóttur.

Almennt um tillöguna

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fagna því að lögð er fram tillaga um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar. Í samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var af öllum sveitarfélögum í landshlutanum árið 2021 er lögð rík áhersla á uppbyggingu vegarins um Skógarströnd. Í áætluninni segir „Vegurinn er mikilvæg tenging á milli Snæfellsness og Dalabyggðar, bæði hvað varðar atvinnu og þjónustu. Auk þess sem umferð hefur aukist mjög um veginn undanfarin ár vegna fjölgunar ferðamanna. Hann er hluti af stofnvegakerfinu og því er mjög brýnt að leggja bundið slitlag á veginn. Vegurinn er ríflega 50 km langur, en framkvæmdir við lagningu slitlags á veginn hófust nýverið og nauðsynlegt er halda þeim áfram að auknum krafti og veita fjármagni á árunum 2023 og 2024 til framkvæmda.“ Af þess má sjá að sveitarstjórnir á Vesturlandi vilja hraða framkvæmdum, en stóraukin umferð ferðamanna um veginn og há slysatíðni þrýsta á um að framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er.


Í úttekt sem Ólafur Guðmundsson ráðgjafi í umferðaröryggismálum vann fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturland á árinu 2019 kom fram að umferð um Snæfellsnesveg 54 hefur aukist verulega. Frá 2013 til 2018 jókst umferð yfir sumartímann úr 1654 bifreiðum í 2566 á dag og má leiða að því líkum að umferðaraukning á Skógarströnd sé hlutfallslega sú sama. Slysatíðni hefur einnig hækkað umtalsvert, en flest slysa á Skógarstrandarvegi hafa haft í för með sér eignatjón en minna er um alvarleg slysa sem valda miklum skaða á fólki. Þá er Skógarstrandavegur einn fárra stofnvega á landinu sem ekki hefur verið lagður bundnu slitlagi, en Vegagerðin skilgreinir stofnvegi sem „hluta af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri.“

Vegurinn um Skógarströnd hefur mikla þýðingu fyrir íbúa á svæðinu sem alla tíð hafa búið við laka malarvegi. Víða á svæðinu er stundaður landbúnaður og ferðaþjónusta vex hratt. Með bættum samgöngum skapast ýmis tækifæri varðandi samtarf Snæfellinga og Dalamanna, auk þess sem Dalabyggð myndi njóta góðs af þeim gríðarlega fjölda ferðamanna sem leggur leið sína um Snæfellsnes og skemmtileg hringleið opnast. Þá er rétt að benda á að í tillögum vinnuhóps forsætisráðuneytisins um aðgerðir til uppbyggingar innviða í kjölfar óveðurs í desember 2019 er lagt til að Heydalur og Laxárdalsvegur verði lagðir bundnu slitlagi þannig að þeir geti nýst frekar sem varaleið þegar Holtavörðuheidi og Brattabrekka lokast. Vegurinn um Skógarströnd tengir þessa tvo vegi saman og því mikilvægt að hugað sé að uppbyggingu hans þegar styrkja á varaleið fyrir áðurnefnda fjallvegi.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka því heilshugar undir tillöguna og áréttu mikilvægi þess að hagkvæmnisathugun, hönnun endurbóta, kostnaðar og verkáætlun liggja fyrir sem fyrst.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar SSV



Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV